



Umsögn

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Tillaga um tímabundna fjölgun sérfræðinga til að vinna úr áhrifum Covid-19 á börn og unglunga

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um eftirfarandi tillögu stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir (Ísak):

Lagt er til að óskað verði eftir 140 m.kr. fjárheimild til borgarráðs til þess að vinna með börn og unglunga vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19. Um er að ræða kostnað vegna tímabundinna stöðugilda og/eða aðkeyptrar vinnu frá og með 1. júlí 2021 til 30. júní 2022. Mikil eftirspurn er eftir sálfræðiþjónustu vegna aukins tilfinningavanda barna og ungmenna. Þann 1. maí sl. biðu 1033 börn eftir fyrstu þjónustu, 525 börn eftir þjónustu sálfræðings og 430 eftir þjónustu talmeinafræðings. Áætlað er að fjárveitingin dugi til að veita allt að 650 börnum þjónustu á 12 mánaða tímabili. Miðlægri verkefnastjórn, með fulltrúum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs, verði falið að útfæra skipulag vinnunnar og forgangsröðun.

Ofangreind tillaga er ein af sex tillögum í skýrslu stýrihópsins. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að á tímabilinu 1.jan 2020 – 1. maí 2021 hefur hlutfall barna þar sem tilfinningalegir erfiðleikar eru aðalástæða tilvísana til skólaþjónustu aukist til muna. Börnum þar sem tilfinningalegur erfiðleikar eru aðalástæða beiðni hefur þannig fjölgað um 336% frá 1.jan 2020 – 1.maí 2021. Sú fjárhæð sem óskað er eftir miðar við stöðugildi 10-12 sálfræðinga og talmeinafræðinga. Þá er lagt til að sett verði á laggirnar miðlæg verkefnastjórn sem fái það hlutverk að útfæra hlutverk og vinnutilhögun sérfræðinganna skv. tillögunni þ.m.t. hvort þeir verði ráðnir inn sem starfsmenn Reykjavíkurborgar eða sem verktakar.

Umsögn:

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillöguna og gerir ekki athugasemd við kostnaðarmatið. Um er að ræða tímabundið átaksverkefni til eins árs vegna afleiðinga sem hægt er að rekja til áhrifa af Covid-19 faraldrinum. Ekki hefur verið gert ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun ársins og því þarf að fjármagna tillöguna í gegnum viðauka, annars vegar 70 m.kr á árinu 2021 af handbæru fé og hins vegar 70 m.kr. á árinu 2022.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.